Nr. 15.
11. júlí.

# Lög
um
## erfðafjárskatt.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans og sje búið tekið til skifta hjer á landi, skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafje, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . $1^1/_{10}$ af hundraði.
2. - næstu 1000 - . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . $1^2/_{10}$ —

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_{10}$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.

B. Af erfðafje, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . $5\frac{1}{2}$ af hundraði.
2. - næstu 1000 - . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6 —

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $\frac{1}{2}$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafje, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B., eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 11 af hundraði.
2. - næstu 1000 - . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12 —

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafje, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, fjelaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. seft. 1850, 10. gr.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Arveafgift.

Nr. 15.
11. Juli.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af al den Formue, der ved en Persons Død tilfalder dens Arvinger ifølge her i Landet foretaget Skiftebehandling erlægges Afgift til Landskassen.

§ 2.

Arveafgiftens Højde fastsættes saaledes:

A. Naar Arven tilfalder Arveladerens Ægtefælle eller Afkom svares af hver enkelt Arvelod:

1) Af de første 1,000 Kr. .......... $1^1/_{10}$pCt.
2) Af de følgende 1,000 Kr. .......... $1^2/_{10}$ -

og derefter stigende saaledes at Afgiften forhøjes med $^1/_{10}$ pCt. for hvert følgende Tusinde indtil 5 pCt.

B. Naar Arven tilfalder Arveladerens Forældre eller deres Afkom, for saa vidt det ikke falder ind under Litra A, svares af hver enkelt Arvelod:

1) Af de første 1,000 Kr. .......... $5^1/_2$pCt.
2) Af de følgende 1,000 Kr. .......... 6 -

og derefter stigende saaledes at Afgiften forhøjes med $^1/_2$ pCt. for hvert følgende Tusinde indtil 25 pCt.

C. Naar Arven tilfalder Arveladerens Bedsteforældre eller deres Afkom, for saa vidt det ikke falder ind under Litra A eller B, samt af Arv, der tilfalder fjernere Slægtninge af Arveladeren eller Personer, der ikke er beslægtede med ham, svares af hver enkelt Arvelod:

1) Af de første 1,000 Kr. .......... 11 pCt.
2) Af de følgende 1,000 Kr. .......... 12 -

og derefter stigende saaledes at Afgiften forhøjes med 1 pCt. for hvert følgende Tusinde indtil 50 pCt.

D. Af Arv, der tilfalder Kirker, offentlige Fonds, Legater, Selskaber, Foreninger, Stiftelser og lignende erlægges 10 pCt.

§ 3.

Arveafgiften svares, foruden af al egentlig Arv tillige af Legater, Dødsgaver og Arveforskud jfr. Forordn. 25de Septbr. 1850, § 10.

Nr. 15.
11. júlí.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða rjettindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfje og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hjer á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs. Skip, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefur áskilið sjer tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fje því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafje þeirra erfingja, er þá taka arf, í rjettu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafje, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafje, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðafjeð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri,

Arveafgift svares endvidere af de Ejendele eller Rettigheder, der maatte tilfalde nogen i Henhold til Kontrakt med Afdøde eller for Pengeydelser fra hans Side. Undtagne fra Afgiftspligten er dog Forsikringssummer og Livrenter, der i Henhold til Lov eller administrativ Forskrift er erhvervede til Fordel for Andre.



Af faste Ejendomme her i Landet, der falder i Arv ved Skifte, der foretages udenfor Landet, erlægges Arveafgift til Landskassen i Henhold til denne Lov. Her i Landet registrerede Skibe skal behandles som fast Ejendom.

§ 4.

Arveafgift svares endvidere:

1. Af Gaver, som vedkommende Person har bortskænket i levende Live, naar han havde forbeholdt sig Indtægterne eller Brugen af det bortskænkede for sin Livstid eller for et Tidsrum, der endnu ikke er udløbet ved hans Død.
2. Af Gaver, som vedkommende Person har bortgivet i det sidste Aar før sin Død, hvis hans Formue derved er bleven formindsket med 10 pCt eller derover.
3. Af Overdragelser, vedkommende Person har foretaget til Omgaaelse af Afgiftspligten efter denne Lov.

§ 5.

Naar en Ægtefælle efter den andens Død hensidder i uskiftet Bo, erlægges ingen Arveafgift af det uskiftede Beløb, men Boets Formue skal da bestemmes paa den i § 10 foreskrevne Maade.

Hvis den i uskiftet Bo hensiddende Ægtefælle udbetaler en eller flere af Arvingerne den hele Arv, eller en Del deraf, før Boet kommer til Skifte, skal Afgift af disse Arvelodder, naar Boet overtages til Skiftebehandling, udredes af de til den Tid værende Arvtageres Arvelodder i Forhold til deres Slægtskab med Arveladeren.

Naar den efterlevende Ægtefælle, der hensidder i uskiftet Bo, har givet den Afdødes Arvinger mere end Halvdelen af Boets Formue, skal der af disse Gaver betales Arveafgift, dog saaledes at der aldrig erlægges mere end af Halvdelen af Boets oprindelige Formue.

§ 6.

I Boer, hvor det Arvingerne tilfaldende Beløb ikke udgør 100 Kr. ialt, svares ingen Arveafgift.

Afgiften beregnes af hver 10 Kr. af Arvelodden, saaledes at Brøkdele af nævnte Beløb ikke tages i Betragtning.

Fritagne for Arveafgift ere Haandskrifter, Bogsamlinger, Kunstværker og andre Genstande, der have national, historisk, kunstnerisk eller videnskabelig Interesse, naar de skænkes til Landets Samlinger eller internationale Institutioner.

Af Arv, der bortgives i velgørende Øjemed, til milde Stiftelser eller til almennyttigt Formaal, er Ministeriet bemyndiget til at nedsætte Afgiften til 5 pCt.

§ 7.

Arveafgiftens Højde beregnes efter Arvingens Slægtskabsforhold til Arveladeren, hvad enten Arven tilfalder Erhververen efter Loven eller ifølge Testamente.

Naar Samlivet mellem Ægtefæller var hævet ved Separation, beregnes Afgiften af Arv fra den ene Ægtefælle til den anden efter deres Slægtskabsforhold til hinanden.

Af Arv, der tilfalder Ægtefæller, som leve i Formuefællesskab, beregnes Afgiften, naar Arven inddrages under Formuefællesskabet, efter den Ægtefælles Slægtskabsforhold til Arveladeren, som er nærmest i Slægt med denne. Naar Erhvervelsen bestaar i aar-

Nr. 15. 11. júlí. vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sje endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu árum.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sjerstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefur arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefur hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig fjeð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur sjeu rjett samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sje erfðafjárskýrsla eigi send í rjettan tíma, skal skiftaráðandi setja brjeflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sje rjett og send á rjettum tíma.

12. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefur leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til

lige Ydelser saasom aarlige Livrenter, Rente- eller Afgiftsydelser o. l., og Ydelsen er begrænset til en eller flere Personers Levetid eller er af ubestemt Varighed, beregnes Afgiften af det 5-dobbelte Beløb; er Nydelsen derimod begrænset til et bestemt Tidsrum, multipliceres Beløbet med Antallet af Aar, dog at Nydelsens Værdi højst ansættes til det 20-dobbelte af dens aarlige Beløb.



§ 8.

Arveafgiften forfalder til Betaling ved Arveladerens Død, og erlægges ved Boets Slutning i Tilfælde af, at offentligt Skifte finder Sted. Af Dødsboer, der overtages til Skifte af myndige Arvinger eller overordentlige Skifteforvaltere, eller hvor Arven overtages uden at noget Skifte finder Sted, erlægges Afgiften inden 12 Maaneder fra Arveladerens Død, med mindre der er blevet udstedt Proklama med 12 Maaneders Varsel, idet Afgiften i saa Fald erlægges inden 3 Maaneder fra Proklamaets Udløb.

Arveafgiften beregnes af de enkelte Arvelodder saaledes at alt, hvad samme Person erhverver af Boet som Arv, Gaver, Legater o. s. v., betragtes som en samlet Arvelod.

Naar Arveladeren inden sin Død har givet eller overdraget saa meget til en af Arvingerne, at den samme tilkommende Andel af Boet ikke strækker til for den ham paahvilende Arveafgift, udredes Restbeløbet efter § 5.

§ 9.

Naar Erhververen af en Arv afgaar ved Døden forinden Arveafgiften i Henhold til denne Lov er bleven erlagt, og Midlerne derefter overgaa til Andre, svares der kun en Gang Arveafgift, hvis Højde efter Omstændighederne bliver at beregne efter Arvingernes Slægtskabsforhold til den Arvelader, med hvem de er mindst beslægtede.

§ 10.

I alle Dødsboer, hvor offentligt Skifte ikke har fundet Sted saavel som naar den efterlevende Ægtefælle hensidder i uskiftet Bo, har Arvingerne inden Udløbet af den for Afgiftens Erlæggelse i § 8 fastsatte Frist at affatte og indgive en Anmeldelse til vedkommende Skifteforvalter.

Arveanmeldelsen, der affattes efter et af Ministeriet fastsat Skema, skal indeholde en Fortegnelse over Boets Aktiver og Passiver samt Angivelse af Erhververens Slægtskabsforhold til Arveladeren og, for saa vidt Skifte har fundet Sted, en Opgørelse over, hvorledes Formuen bliver fordelt mellem Arvingerne. Arveanmeldelsen skal tillige indeholde Oplysninger om eventuelle, af Arveladeren bortskænkede Gaver, fuldbyrdede Overdragelser eller afsluttede Kontrakter, der i Henhold til denne Lov er afgiftspligtige.

§ 11.

Skifteforvalteren har Tilsyn med Arveanmeldelsernes behørige Affattelse og Indgivelse samt med Afgiftens Erlæggelse inden Udløbet af de foreskrevne Frister. Indkommer Arveanmeldelsen ikke rettidig, skal Skifteforvalteren skriftlig forelægge de paagældende en Frist til dens Indsendelse under Paalæg af Dagbøder.

Anmeldelsen underskrives af samtlige Arvinger, der alle ere ansvarlige for, at den er rigtig affattet og indsendes i rette Tid.

§ 12.

Den, som med Forsæt fordølger en Arv eller afgiver urigtige Oplysninger angaaende de Forhold, der have Betydning for Afgiften, eller fortier Omstændigheder, der vilde

Nr. 15. 11. júlí. hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sje svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

13. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. seft. 1792 og 8. febr. 1810.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

medføre en Forhøjelse af samme, erlægger det 5-dobbelte Beløb af det, hvormed Afgiften som Følge heraf vilde forringes. Sager i denne Anledning behandles som offentlige Politisager, medmindre Sagen er af den Art, at den falder under den almindelige Straffelov. Nr. 15. 11. Juli.

§ 13.

For Arveafgift og Dagbøder efter denne Lov kan foretages Udpantning i Henhold til Lov af 16. December 1885.

§ 14.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1912, fra hvilket Tidspunkt Bestemmelserne om Arveafgift i Forordn. af 12. Septbr. 1792 og 8. Febr. 1810 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*